

## REGLUR

### um beingreiðslusamninga við fatlað fólk og forsjáraðila fatlaðra barna í Reykjavík.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

###### *Grundvöllur beingreiðslusamninga.*

Reglur þessar taka til útfærslu á þjónustu sem Reykjavíkurborg er skylt að veita fötluðu fólki samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, reglum um félagslega heimaþjónustu í Reykjavík og reglum um stuðningsþjónustu í Reykjavík. Skilyrði fyrir gerð beingreiðslusamnings er að faglegt mat starfsmanna velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sé það að þjónusta í formi beingreiðslusamnings sé hentugt form til að mæta metinni þjónustuhörf viðkomandi. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar gerir beingreiðslusamninga við fatlað fólk og forsjáraðila fatlaðra barna sem eiga lögheimili í Reykjavík.

##### 2. gr.

###### *Markmið og inntak beingreiðslusamninga.*

Markmið beingreiðslusamninga er að auka val fatlaðs fólks á formi og fyrirkomulagi aðstoðar að undangengnu faglegu mati, sbr. 1. gr. í reglum þessum.

Inntak beingreiðslusamnings er að þjónustuhörf notanda er metin í tilteknum fjölda klukkustunda á grundvelli reglna um félagslega heimaþjónustu í Reykjavík og/eða reglna um stuðningsþjónustu í Reykjavík. Notanda er í sjálfsvald sett hvernig þjónusta er háttáð og hvenær tíma dagsins hún fer fram innan þeirra marka sem mat á þjónustuhörf setur. Notanda er þó skylt að gæta að lágmarksréttindum aðstoðarfólks í starfi þeirra. Ef notandi getur ekki komið óskum sínum varðandi þjónustu á framfæri er honum skylt að hafa að lágmarki einn aðstoðarmann sem aðstoðar hann við samskipti vegna þjónustu sem er veitt á grundvelli beingreiðslusamnings samkvæmt reglum þessum.

Heimilt er að gera beingreiðslusamning við fatlað fólk á aldrinum 18 til 67 ára eða við foreldra/forsjáraðila fatlaðs barns á aldrinum 6 til 18 ára í ákveðnum tilfellum og að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. III. kafla í reglum þessum. Hafí einstaklingur sem orðinn er 67 ára talist fatlaður samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks og fengið þjónustu í formi beingreiðslusamnings áður en hann náði þeim aldri getur hann átt rétt á því áfram að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum í reglum þessum.

##### 3. gr.

###### *Orðskýringar.*

*Aðstoðarfólk:* Þeir sem sinna þjónustu við notanda samkvæmt reglum þessum.

*Beingreiðslusamningur:* Samningur milli notanda og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem uppfyllir skilyrði III. kafla í reglum þessum og felur í sér að notandi, að uppfylltum skilyrðum, fær greidda ákveðna fjárhæð sem hann ráðstafar sjálfur til kaupa á þjónustu á grundvelli mats á þjónustuhörf, sbr. 2. og 4. gr. í reglum þessum.

*Mat á þjónustuhörf:* Samræmt mat samkvæmt 6. gr. reglna um stuðningsþjónustu í Reykjavík sem er notað á velferðarsviði Reykjavíkurborgar til að meta hörf notanda fyrir fjölda tíma í þjónustu sem og til að forgangsraða umsóknum fatlaðs fólks hvað þjónustu varðar. Þjónustuhörfir einstaklings eru metnar með tilliti til hreyfigetu og líkamlegrar færni, andlegrar færni, félagslegrar færni, félagslegra aðstæðna og stuðnings frá fjölskyldu og samfélagi ásamt samfélagsþátttöku og virkni.

*Notandi:* Fatlaður einstaklingur sem sækir um þjónustu frá Reykjavíkurborg. Einnig er um að ræða fatlaðan einstakling sem fær samþykktu þjónustu í formi beingreiðslusamnings samkvæmt reglum þessum. Í þeim tilfellum sem foreldri/forsjáraðili gerir samning vegna barns skal litið á það sem notanda samkvæmt reglum þessum.

*Sértæk búsetuúrræði:* Íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks þar sem veitt er samræmd þjónusta, svo sem í búsetukjarna eða á sambýli.

*Sjálfstæð búseta:* Búseta á eigin heimili sem ekki fellur undir sértæk búsetuúrræði. Búseta fatlaðs einstaklings í foreldrahúsum fellur undir sjálfstæða búsetu.

*Umsýslukostnaður:* Sá kostnaður sem fellur til vegna umsýslu í tengslum við beingreiðslusamning og notanda er skylt að greiða, sbr. 11. gr. í reglum þessum.

## II. KAFLI

### Umsókn um þjónustu í formi beingreiðslusamnings.

#### Mat á þörf á þjónustu og tímafjölda.

##### 4. gr.

##### *Mat á notanda.*

Þjónustubörf notanda er metin í tilteknum fjölda klukkustunda á grundvelli reglna um félagslega heimaþjónustu í Reykjavík og reglna um stuðningsþjónustu í Reykjavík. Fjárhæð sem greidd er vegna hvernar klukkustundar í metinni þjónustu er reiknuð samkvæmt kostnaðarforsendum skrifstofu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

##### 5. gr.

##### *Þjónustubættir samkvæmt beingreiðslusamningi.*

Unnt er að gera beingreiðslusamning um eftirfarandi þjónustubætti:

- a) Félagsleg heimaþjónusta (dag-, kvöld- og helgarþjónusta), sbr. VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglur um félagslega heimaþjónustu í Reykjavík, að hámarki 160 klst. á mánuði á dagvinnutíma og að hámarki 92 klst. á mánuði á kvöldin og um helgar.
- b) Liðveisla, sbr. 24. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 og reglur um stuðningsþjónustu í Reykjavík, að hámarki 30 klst. á mánuði.
- c) Frekari liðveisla, sbr. 25. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 og reglur um stuðningsþjónustu í Reykjavík, að hámarki 110 klst. á mánuði. Frekari liðveisla er þó einungis veitt einstaklingum á aldrinum 18-67 ára.

Eigi er heimilt að gera beingreiðslusamninga um eftirfarandi þjónustubætti:

- a) Dagvistarstofnanir, sbr. 2. tl. 2. mgr. 9. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.
- b) Skammtíamavistun, sbr. 5. tl. 2. mgr. 9. gr. og 22. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.
- c) Ferðaþjónusta, sbr. 35. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.
- d) Búsetuúrræði, sbr. 10. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.
- e) Heimahjúkrun, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.
- f) Barnaverndarúrræði, sbr. barnaverndarlög nr. 80/2002.
- g) Stuðningsfjölskyldu, sbr. 21. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.

##### 6. gr.

##### *Fjöldi greiddra þjónustutíma samkvæmt beingreiðslusamningi.*

Fjármagn sem unnt er að veita á grundvelli beingreiðslusamnings byggist á metinni þörf á klukkustundum í þjónustu samkvæmt reglum um félagslega heimaþjónustu í Reykjavík og reglum um stuðningsþjónustu í Reykjavík.

##### 7. gr.

##### *Afgreiðsla umsókna.*

Umsóknir um beingreiðslusamninga eru afgreiddar af starfsmönnum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Ákvörðun um að veita þjónustu í formi beingreiðslusamnings skal taka á grundvelli faglegs mats á þjónustubörf ásamt því sem öll skilyrði III. kafla þessara reglna verða að vera uppfyllt.

## III. KAFLI

**Skilyrði fyrir því að eiga rétt á þjónustu í formi beingreiðslusamnings.**

## 8. gr.

*Grundvöllur beingreiðslusamnings og forgangur til þjónustu.*

Beingreiðslusamningur er gerður á grundvelli faglegs mats á þjónustupörf, sbr. 6. gr. reglna um stuðningsþjónustu í Reykjavík.

Þeir notendur sem kunna að vera í forgangi til þess að fá þjónustu í formi beingreiðslusamnings eru þeir notendur sem eru með sérstakar þarfir og sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar getur ekki veitt nauðsynlega þjónustu með viðunandi hætti, svo sem þegar þjónusta er mjög sérhæfð, veitt utan hefðbundins vinnutíma eða í stuttan tíma í senn. Þá þarf einnig að liggja fyrir faglegt mat um að þjónusta veitt samkvæmt beingreiðslusamningi sé hentugt form til að mæta þjónustupörfum viðkomandi, sbr. 1. gr. í reglum þessum.

Ekki er heimilt að veita að auki sömu þjónustu til að mæta sömu þörfum notanda frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar og samið er um í beingreiðslusamningi.

## 9. gr.

*Skilyrði fyrir gerð beingreiðslusamnings.*

Grundvallarskilyrði fyrir gerð og gildistöku beingreiðslusamnings er að veiting þjónustu sem notandi á rétt á samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum, og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, falli niður af hálfu Reykjavíkurborgar, enda fær notandi í staðinn greidda ákveðna fjárhæð samkvæmt beingreiðslusamningi sem hann ráðstafar sjálfur til kaupa á metinni þjónustu, sbr. 2. gr., 4. gr. og 5. gr. í reglum þessum. Útfærsla þjónustu í formi beingreiðslusamnings er ávallt háð fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hverju sinni.

Til þess að notandi eigi rétt á þjónustu í formi beingreiðslusamnings verður hann að uppfylla öll skilyrði 8. gr. í þessum reglum um grundvöll beingreiðslusamnings og forgang til þjónustu í formi beingreiðslusamnings, ásamt öllum eftirfarandi skilyrðum:

1. Notandi skal eiga lögheimili í Reykjavík.
2. Notandi skal vera á aldrinum 18 til 67 ára. Foreldrar/forsjáraðilar fatlaðra barna, 6 ára og eldri, sem uppfylla neðangreind skilyrði geta jafnframt sótt um þjónustu í formi beingreiðslusamnings fyrir hönd barna sinna.
3. Notandi skal teljast fatlaður einstaklingur í skilningi laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks.<sup>1</sup>
4. Notandi skal búa í sjálfstæðri búsetu en ekki í sértæku þjónustu- og búsetuurræði sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar úthlutar og þar sem veitt er samræmd þjónusta. Búseta einstaklings í foreldrahúsum fellur undir sjálfstæða búsetu. Einstaklingar sem búa á hjúkrunarheimili eða stofnun og þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu eiga ekki rétt á þjónustu í formi beingreiðslusamnings.
5. Notandi á aldrinum 18 til 67 ára skal þurfa daglega aðstoð sem nemur að lágmarki 80 klst. á mánuði og að hámarki 392 klst. á mánuði, sbr. faglegt mat á þjónustupörf notanda skv. 4. gr. í reglum þessum. Ekki er um að ræða næturþjónustu. Notandi á aldrinum 6 til 18 ára skal þurfa daglega aðstoð sem nemur að lágmarki 60 klst. á mánuði og að hámarki 282 klst. á mánuði.
6. Notandi skal vera með viðvarandi og umfangsmikla þjónustupörf sem metin er samkvæmt reglum um félagslega heimaþjónustu í Reykjavík og reglum um stuðningsþjónustu í Reykjavík.
7. Til þess að notandi á aldrinum 18-67 ára eigi rétt á stuðningsþjónustu og/eða félagslegri heimaþjónustu í formi beingreiðslusamnings þarf hann að uppfylla skilyrði 8. gr. og skilyrði 1.-7. tl. 9. gr. í reglum þessum auk a.m.k. tveggja eftirfarandi skilyrða samkvæmt faglegu mati:
  - a) *Liðveisla*: Niðurstaða mats er sú að notandi hafi a.m.k. 4 stig vegna félagslegrar færni og 4 stig vegna samfélagsþátttöku og virkni.

<sup>1</sup> Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum.

- b) *Frekari liðveisla*: Niðurstaða mats er sú að notandi hafi a.m.k. 4 stig vegna almennrar færni.
  - c) *Félagsleg heimaþjónusta*: Niðurstaða mats er sú að notandi þurfi á heimaþjónustu að halda samkvæmt reglum um félagslega heimaþjónustu.
8. Til þess að notandi á aldrinum 6 til 18 ára eigi rétt á stuðningsþjónustu og/eða félagslegri heimaþjónustu í formi beingreiðslusamnings þarf hann að uppfylla skilyrði 8. gr. og skilyrði 1.-7. tl. 9. gr. í reglum þessum auk annars af eftirfarandi skilyrðum samkvæmt faglegu mati:
- a) *Liðveisla*: Niðurstaða mats er sú að notandi hafi a.m.k. 4 stig vegna félagslegrar færni og 4 stig vegna samfélagsþátttöku og virkni.
  - b) *Félagsleg heimaþjónusta*: Niðurstaða mats er sú að notandi þurfi á heimaþjónustu að halda samkvæmt reglum um félagslega heimaþjónustu.

Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er heimilt að líta til þess hvort notandi eða foreldrar/forsjár- aðilar fatlaðs barns séu á vanskilaskrá við afgreiðslu umsóknar um þjónustu í formi beingreiðslu- samnings.

#### 10. gr.

##### *Umsókn og fylgigögn.*

Umsókn um þjónustu í formi beingreiðslusamnings skal vera skrifleg á sérstöku eyðublað sem unnt er að nálgast hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Notandi getur veitt öðrum aðila skriflegt umboð til þess að sækja um þjónustu í formi beingreiðslusamnings fyrir sína hönd.

Með umsókn skal leggja fram eftirfarandi gögn eftir því sem við á:

- a) Örorumat, sjúkdómsgreiningu/fötlunargreiningu, umönnunarmat og mat á stuðnings- þörf/SIS-mat, sé það til staðar.
- b) Yfirlit tollstjóra yfir greiðslustöðu opinberra gjalda.
- c) Upplýsingar úr vanskilaskrá.

#### 11. gr.

##### *Greiðslur vegna beingreiðslusamnings.*

Greiðslur frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar til notanda hefjast við gildistöku beingreiðslu- samnings. Greiðslur skal greiða fyrirfram fyrir einn mánuð í senn.

Notandi greiðir kostnað sem fellur til vegna beingreiðslusamnings auk þess sem hann skal taka á sig þær skyldur sem uppfylla þarf varðandi umsýslu beingreiðslusamnings. Óheimilt er að reikna umsýslukostnað inn í samningsfjárhæð beingreiðslusamnings.

#### 12. gr.

##### *Fjárhæðir og meðferð fjármagns.*

Greidd fjárhæð vegna hverrar klukkustundar í metinni þjónustu er reiknuð samkvæmt kostn- aðarforsendum skrifstofu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Notandi ber ábyrgð á að ráðstafa fjármagni samkvæmt beingreiðslusamningi í samræmi við mat á þjónustuþörf. Notandi skal leggja fram öll nauðsynleg gögn til velferðarsviðs Reykjavíkurborgar þar að lútandi, sbr. 17. gr. í reglum þessum.

Notanda er skylt að ráðstafa hverri mánaðargreiðslu í þeim mánuði sem hún er greidd. Notanda er þó heimilt að færa til greiðslur vegna vinnustunda milli mánaða innan almanaksársins til þess að mæta breytilegum þjónustuþörfum. Ef uppsafnaðar greiðslur vegna vinnustunda nema allt að einni mánaðargreiðslu samkvæmt beingreiðslusamningi skal velferðarsvið Reykjavíkurborgar óska eftir viðhlítandi skýringum á slíkri uppsöfnun. Ef fullnægjandi skýringar verða ekki veittar af hálfu notanda er velferðarsviði Reykjavíkurborgar heimilt að endurkrefja notanda um fjárhæðina. Notanda er skylt að skila afgangsfjármagni til velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í lok hvers almanaksárs. Heimilt er að lækka greiðslur næstu mánaða sem nemur þeirri fjárhæð sem notandi verður endur- krafinn um.

Skil á fé og gögnum til velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er forsenda fyrir því að til endur- nýjunar samnings geti komið.

Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er heimilt að stöðva greiðslur tímabundið þegar notandi er ekki fær um að nýta þá þjónustu sem fjármagn er ætlað til. Í þeim tilvikum þarf þó að taka tillit til skuldbindinga sem notandi kann þegar að hafa stofnað til í tengslum við þjónustuna.

## 13. gr.

*Gildistími beingreiðslusamnings.*

Í fyrsta sinn sem beingreiðslusamningur er gerður við notanda skal gildistími hans vera þrjú mánuðir. Aldrei skal gera beingreiðslusamning til lengri tíma en eins árs í senn, þó aldrei lengur en til 30. september 2016.

## IV. KAFLI

**Framkvæmd beingreiðslusamninga.**

## 14. gr.

*Form og gerð beingreiðslusamnings.*

Notast ber við staðlað samningsform.

Ef notandi er ólögráða gerir lögráðamaður/foreldri/forsjáraðili hans samning við velferðarsvið Reykjavíkurborgar fyrir hans hönd. Skal sá aðili annast alla umsýslu fyrir hönd notanda.

## 15. gr.

*Aðstoðarfólk.*

Notandi skal annast leit, ráðningu og umsýslu vegna aðstoðarfólks.

Við val á aðstoðarmanni skal liggja fyrir samþykki notanda.

Að jafnaði er notanda eigi heimilt að velja sér aðstoðarmann sem er maki, sambýlismaður/sambýliskona eða náinn ættingi, sem heldur heimili með notanda. Í undantekningartilvikum er velferðarsviði Reykjavíkurborgar heimilt að leyfa slíkt fyrirkomulag að sannanlegri ósk notanda en þá skal kveðið á um aukið eftirlit af hálfu velferðarsviðs í beingreiðslusamningi. Þó er heimilt að víkja frá þessu ákvæði þegar um fötluð börn er að ræða. Í slíkum tilvikum skal þó tryggt að tekið sé tillit til skoðana barns í samræmi við aldur þess og þroska.

Notandi skal gera samning við aðstoðarfólk sitt þar sem m.a. er kveðið á um réttindi og skyldur aðstoðarfólks, kjör, umfang vinnu, vinnufyrirkomulag og uppsagnarfrest.

## 16. gr.

*Skilyrði fyrir ráðningu aðstoðarfólks.*

Aðstoðarfólk skal skila inn sakavottorði að beiðni notanda.

Notanda er óheimilt að ráða aðstoðarfólk til þess að sinna þjónustu við sig ef viðkomandi hefur hlotið refsisdóma vegna brota á ákvæðum XXII. og XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hafi viðkomandi verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga eða laga um ávana- og fikniefni skal ráðgjafi í samráði við notanda meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins.

## 17. gr.

*Eftirlit með beingreiðslusamningum og upplýsingaskylda.*

Stöðumat skal fara fram innan tólf vikna frá upphafi gildistíma beingreiðslusamnings þar sem kannað er hvernig beingreiðslusamningur nýtist notanda og hversu vel markmið samnings hafa náðst. Starfsmaður velferðarsviðs Reykjavíkurborgar annast matið og skal það gert í samvinnu við notanda.

Notandi skal skila velferðarsviði Reykjavíkurborgar skýrslu eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti um fjölda vinnustunda samkvæmt samningi sem hann hefur notað. Þá skal notandi leggja fram öll nauðsynleg gögn þar að lútandi, s.s. samninga við aðstoðarfólk, afrit greiddra reikninga og önnur gögn sem máli kunna að skipta í samræmi við beiðni starfsmanns velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Eftir hvert almanaksár er notanda skylt að veita velferðarsviði Reykjavíkurborgar upplýsingar um samninga, tímaskrár og vinnuáætlanir sem tengjast beingreiðslusamningi notanda. Nota ber

staðlað yfirlitsblað yfir nýtingu fjármagns og framkvæmd þjónustu, sem staðfest hefur verið af aðstoðarfólki notanda. Auk þess ber notanda að leggja fram reikninga og staðfestingu á greiðslu til aðstoðarfólks. Notandi skal einnig afhenda öll gögn sem kveðið er á um í 2. mgr. þessa ákvæðis auk skattframtals. Þá er velferðarsviði Reykjavíkurborgar heimilt að kalla eftir fyrrgreindum upplýsingum oftar ef þörf er á.

Endurmat á þjónustubörf notanda skal framkvæmt við endurnýjun samnings til lengri tíma en þriggja mánaða, ef þörf er á.

Notandi skal tilkynna velferðarsviði Reykjavíkurborgar tímanlega um þær breytingar á högum sínum sem geta haft áhrif á framkvæmd beingreiðslusamnings, þar á meðal um tímabundna dvöl annars staðar en á lögheimili sem og um flutning lögheimilis.

Breytingar á aðstæðum notanda sem áhrif hafa á þarfir hans fyrir stuðning geta leitt til endurmats á þjónustubörf samkvæmt samningi.

## V. KAFLI

### **Vanefndir og uppsögn samnings.**

#### 18. gr.

#### *Uppsögn beingreiðslusamnings.*

Umsýsla vegna beingreiðslusamninga skal fara í öllu að gildandi lögum, reglugerðum, opinberum fyrirmælum sem við eiga sem og almennum reglum vinnuréttar eftir því sem við á.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samningsaðila er einn mánuður og skal tilkynna gagnaðila um uppsögn með skriflegum hætti svo unnt sé að skipuleggja þjónustu við notanda frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

#### 19. gr.

#### *Vanefndir og riftun beingreiðslusamnings.*

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar getur krafist þess að notandi bæti úr vanefndum á samningi á eigin kostnað.

Meinta vanefnd ber þó ávallt að tilkynna til gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að gefa skýringar eða bæta úr innan hæfilegs frests.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal setja hæfilegan tímafrest fyrir því hvernig staðið skuli að úrbótum vanefnda. Séu úrbætur ekki gerðar innan þess tíma sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar tilgreinir, getur það krafist þess að notandi greiði þann kostnað sem af hlýst til að koma að nauðsynlegum úrbótum.

Verði uppi ágreiningur milli velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og notanda skal leitast við að jafna þann ágreining.

Ef um verulegar vanefndir er að ræða geta aðilar rift samningi fyrirvaralaust.

#### 20. gr.

#### *Viðbrögð vegna riftunar.*

Í þeim tilvikum sem samningi er rift stöðvast greiðslur frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar til notanda á grundvelli beingreiðslusamnings þegar í stað.

Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er heimilt að krefja notanda um endurgreiðslu fjár, í heild eða að hluta, sem honum hefur verið úthlutað samkvæmt beingreiðslusamningi ef sýnt er fram á að eitt-hvert eftirtalinna tilvika eigi við:

- a) Féð hefur að hluta til eða í heild ekki verið nýtt til að koma til móts við skilgreindar þarfir notanda fyrir stuðning samkvæmt áætlun.
- b) Ákvæðum beingreiðslusamnings hefur ekki verið fylgt.

Í þeim tilvikum sem beingreiðslusamningi er rift ber velferðarsviði Reykjavíkurborgar að tryggja að ekki verði rof á þjónustu við notanda og að lok samnings valdi notanda eins lítilli röskun og óþægindum og mögulegt er.

## VI. KAFLI

**Málsmeðferð, sbr. ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.**

## 21. gr.

*Könnun á aðstæðum.*

Kanna skal aðstæður notanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um beingreiðslusamning hefur borist.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

## 22. gr.

*Samvinna við notanda.*

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við notanda eftir því sem unnt er, en að öðrum kosti við aðstoðarmann/aðstoðarmenn/umboðsmann notanda eftir því sem við á.

## 23. gr.

*Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum.*

Málgögn er varða persónulega hagi notanda skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum notanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Notandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það er í samræmi við lög og stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

## 24. gr.

*Leiðbeiningar til notanda.*

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður velferðarsviðs Reykjavíkurborgar bjóða notanda félagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa notanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna beingreiðslusamnings og leiðbeina honum um að leita upplýsinga um það hjá viðeigandi yfirvöldum, s.s. vegna skattskila og upplýsinga til Tryggingastofnunar ríkisins.

## 25. gr.

*Rangar eða villandi upplýsingar.*

Beingreiðslusamningur sem gerður er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu notanda fellur þá þegar úr gildi og getur velferðarsvið Reykjavíkurborgar endurkafið notanda um þá fjárhæð sem úthlutað hefur verið samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal þó sjá til þess að ekki verði rof á þjónustu.

Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem notandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan notanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

## 26. gr.

*Heimildir til ákvarðanatöku samkvæmt reglum þessum.*

Starfsmenn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

Velferðarráð Reykjavíkurborgar hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og notandi fer fram á það með sérstakri beiðni til velferðarráðs Reykjavíkurborgar innan fjögurra vikna frá því notanda barst vitneskja um ákvörðun. Slík undanþága getur þó aldrei náð til þjónustupáttu eða hámarkstímafjöldu þeirra, sbr. 5. gr. í reglum þessum.

## 27. gr.

*Kynning á ákvörðun um veitingu beingreiðslusamnings.*

Kynna skal niðurstöðu umsóknar um beingreiðslusamning fyrir notanda með formlegum/skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal notandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 og reglna sveitarfélagsins um beingreiðslusamninga við fatlað fólk og forsjáraðila fatlaðra barna í Reykjavík.

## 28. gr.

*Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála.*

Notandi getur skotið ákvörðun velferðarráðs Reykjavíkurborgar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að notanda var kunngerð ákvörðun velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

## 29. gr.

*Gildistaka.*

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. VII. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og X. kafla laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks. Reglur þessar öðlast þegar gildi og gilda til 30. september 2016.

*Borgarstjórnin í Reykjavík, 10. desember 2015.*

**Dagur B. Eggertsson.**